



**Schola Akureyrensís**

**Franska 1C050  
Haustönn 2012 – 2ABT**

**Námsefni:**

Régine Mérieux og Yves Loiseau. 2009. *Latitudes* 1. Dider. (Lesbók og vinnubók). Lesnir verða kaflar 7-9  
*Le voyage du collège*. 2011. I. Darras & Yuio.

**Lýsing á efni áfangans:**

Viðfangsefni undanfarans eru rifjuð upp og sett í nýtt samhengi. Nemendur eru þjálfaðir í lesskilningi, tali, hlustun og ritun þar sem fléttað er inn í kennsluna menning frönskumælandi landa.

Í þessum áfanga er aukin áhersla á frönskumælandi lönd víða um heim. Nemendur auka orðaforða sinn og þjálfast í nýjum málfræðiatríðum með hliðsjón af færnimarkmiðum áfangans. Að mestu er lokið við að fara yfir grundvallarþætti fransks málkerfis. Frásagnir í nútíð, þátíð og framtíð eru æfðar munnlega og skriflega. Sem fyrr eru nemendur hvattir til sjálfstæðrar vinnu og að þeir nýti sér ýmis hjálpargögn, s.s. orðabækur, málfræðibækur og netið, við upplýsingaöflun. Samhliða vinnu með aðalkennslubók lesa nemendur einfalda skáldsögu og smásögur.

**Lokamarkmið áfangans:**

**Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:**

- þeim orðaforða sem nauðsynlegur er til að ná markmiðum þrepsins
- öllum helstu grunnatriðum fransks málkerfis
- frönskumælandi löndum og fengið aukna innsýn í menningu, helstu samskiptavenjur og siði þjóðanna
- einföldum samskiptum og tjáningu í mæltu og rituðu máli og vera meðvitaðri en áður um muninn á ólíkum málsniðum

**Nemandinn skal hafa öðlast leikni í að:**

- fylgjast með frásögnum eða samtölum um almenn efni eða sérhæfðari málefni sem hann þekkir þar sem talað er skýrt og greinilega
- fylgja söguþræði í einföldum eða einfölduðum bókmenntatextum
- geta aflað sér einfaldra, hagnýtra upplýsinga
- geta spurt og svarað spurningum um atburði í þátíð, nútíð og framtíð
- skrifa frásagnir um ýmis efni, t.d. ferðasögu, daglegt líf og endurminningu
- skilja texta um almennt og sérhæfðara efni sem fjallað er um í áfanganum
- ræða við aðra um daglegt líf sitt, liðna atburði og áform, t.d. í tengslum við ferðalög

**Nemandinn skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**

- beita viðeigandi aðferðum við lestur eftir því hver tilgangurinn er hverju sinni
- afla sér ýmissa upplýsinga úr mæltu máli, greina helstu atriði þeirra og hagnýta sér í námi og starfi

- tileinka sér aðalatriðin í stuttum og/eða einföldum rauntextum af ýmsu tagi og geta dregið ályktanir af því sem hann les
- geta beitt mismunandi málsniðum
- gera stuttan útdrátt úr frásögn, t.d. bókmenntatexta eða blaðagrein
- segja frá eigin þekkingu, skoðunum og tilfinningum sem og persónulegri reynslu
- miðla á einfaldan hátt efni sem hann hefur aflað sér þekkingar á
- skipuleggja nám og námsaðferðir við hæfi
- nýta þekkingu og leikni til að leysa úr viðfangsefnum einn eða í samstarfi við aðra
- meta eigið vinnuframlag og framfarir í áfanganum

### Námsmat:

Lokapróf	50%	
Munnlegt próf	15%	
Kaflapróf	15%	(úr köflum 7. og 8.)
Vinnueinkunn	10%	
Próf úr <i>Le voyage du collègue</i>	10%	

Nemandi verður að ná lágmarkseinkunn á lokaprófi til þess að einkunnir í lokaverkefnum og öðrum prófum séu teknar til greina í lokamati. Annars gildir lokapróf 100%. Öll annarpróf verður að taka til að fá lokaeinkunn. Vinnueinkunn samanstendur af eftirfarandi þáttum: Mæting, virkni í tímum, sjálfstæði í vinnubrögðum og verkefnaskil. Ef nemandi er veikur þegar taka á próf skal láta kennara vita (með tölvupósti) áður en prófið fer fram.

### Kennsluáætlun

Vika 1	14. sept	Kynning	
Vika 2	17.-21. sept	Kafli 7	
Vika 3	24.-28. sept	Kafli 7	
Vika 4	1.-5. okt	Kafli 7	
Vika 5	8.-12. okt	Kafli 8	
Vika 6	15.-19. okt	Kafli 8	
Vika 7	22.-26. okt	Kafli 8	
Vika 8	31. okt – 2. nóv	Kafli 8	(haustfrí 29.-30. okt)
Vika 9	5.-9. nóv	Kvikmynd (e. próf)	<b>Próf úr köflum 8. og 9. (15%)</b>
Vika 10	12.-16. nóv	Kafli 9	
Vika 11	19.-23. nóv	Kafli 9	<b>Próf úr Voyage du C. (10%)</b>
Vika 12	26.-30. nóv	Kafli 9	
Vika 13	3.-7. des	Undirbúningur	<b>Munnleg próf (15%)</b>
Vika 14	10.-14. des	Kafli 9	
Vika 15	17.-20. des	Kafli 9	
Vika 16	4., 7.-9. jan	Upprifjun	

Innskráning á Moodle: MA-H12-FRA1C050 lykilorð: paris2

Birt með fyrirvara um breytingar á framvindu náms og námsmati og ósk um gott samstarf.

Anna Eyfjörð Eiríksdóttir ([annae@ma.is](mailto:annae@ma.is)) 2.A, 2.B

Örn Þór Emilsson ([thor@ma.is](mailto:thor@ma.is)) 2.T

